



Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna nýs tjaldstæðis í Norðfirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2024/003

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir deiliskipulagssvæðið.

© Guðný Zoëga.

Efnisinnihald

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	1
Aðferðafræði	2
Lýsing á svæðinu.....	3
Fornleifaskrá.....	4
Samantekt	5
Heimildaskrá	6

Inngangur

Að beiðni Landmótunar, fyrir hönd skipulagsyfirvalda í Fjarðabyggð, var gerð fornleifaskráning á deiliskipulagsreit umhverfis íbúðarhúsið við Strandgötu 62 þar sem hugmyndin er að gera tjaldstæði.

Vettvangsskráning fór fram 21. apríl 2023 og var í höndum Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings. Stuðst var við uppmælingagögn frá verkkaupa.

Tengiliður við verkkaupa: Þorsteinn Már Ragnarsson, Landmótun.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3244

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í byggðakjarnanum Norðfirði er það nafn notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfalli er 3244. Því fylgir svo hlaupandi númer. Verknúmer og hlaupandi númer eru notuð þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af svæðinu er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir skipulagssvæðið (gul lína). Skráðar minjar eru merktar með númeri. Loftmynd fengin af heimasíðu Landmælinga, www.lmi.is.

Lýsing á svæðinu

Deiliskipulagsreiturinn er um 1,6ha svæðið umhverfis íbúðarhúsið að Strandgötu 62, Norðfirði Svæðið liggur fast norðan Strandgötu skammt innan (vestan) við þéttbýlið. Fram yfir miðja 20. öld voru þarna túnskikar sem íbúar bæjarins nýttu til heyskapar.² Engar heimildir eru um byggingar innan deiliskipulagssvæðisins fyrr en á 6. áratug 20. aldar en þá er einhver bygging sýnd efst á svæðinu (sjá mynd 1).³

Um 20m ofan deiliskipulagssvæðisins er grjóthlaðin tóft útihúss sem sést á loftmynd frá 1955. Sunnan Strandgötunnar um 20m frá útmörkum svæðið voru svokallaðir Foyngrunnar, leifar fyrstu hvalveiðistöðvarinnar á Austfjörðum.⁴ Utan grunnanna var Gula bræðslan sem óvíst er hvenær var byggð en var rifin á 6. áratug 20. aldar.⁵

² Túnakort má finna á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands <http://testbirting.manntal.is/Default.aspx>

³ Harpa Grímsdóttir 1998, kort 4.

⁴ Smári Geirsson, 2006, bls. 252.

⁵ Harpa Grímsdóttir, 1998, bls. 9 og kort. 4.



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir legu skipulagssvæðis (hvít brotalína). Skráðar minjar eru gulir punktar innan svæðis. Lofmynd: Lofmyndir ehf.

Fornleifaskrá

Norðfjörður 3244-001

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á loftmynd frá 1955 má sjá skurð sem hefur verið að hluta undir þar sem nú er íbúðarhús við Strandgötu 62 og til SA frá SA húshorninu.

Lýsing

Um er að ræða grunnan skurð sem liggur frá NV til SA í túninu. Virðist liggja sitt hvoru megin grunns lækjarfarvegur. Engin ummerki eru lengur um þennan skurð á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Skurðurinn sést á loftmynd frá 1955.⁶

Norðfjörður 3244-002

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

⁶ Loftmyndasafn Landmælinga Íslands <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Á loftmynd fra 1955 sést skurður í túni um 40m NA af núverandi íbúðarhúsi við Strandgötu 62.

Lýsing

Skurðurinn liggur frá NV-SA á 20m löngum kafla og beygir þar til SSV og sést á um 20m löngum kafla til viðbótar. Engin ummerki fundust um skurðinn á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Skurðurinn sést á loftmynd frá 1955.¹

Samantekt

Engar minjar fundust við vettvangsskráningu á deiliskipulagssvæðinu. Tvennar minjar, handgrafnir skurðir, voru hinsvegar skráðar eftir gamalli loftmynd. Skurðirnir eru báðir horfnir vegna framkvæmda.

Tafla 1. Hnitaskrá og upplýsingar um minjar á skráningarsvæðinu.

Auðkenni	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
3244-001	heimild	framræsla	1920-1960	horfinn	engin hætta	747402	526728
3244-002	heimild	framræsla	1920-1960	horfinn	engin hætta	747423	526768

Nokkur búskapur var í bæjarlandi Nesþorps um og upp úr aldamótunum 1900 og fram um miðja 20. öld og fjöldi túnskika var í þorpinu sjálfu og nágrenni þess.⁷ Elstu túnakort sem gerð voru í bæjarlandi Nesþorps eru frá 1916-1918⁸ en aldur skurðanna er ekki þekktur og því ekki víst hvort þeir falla undir 100 ára reglu laga um menningarminjar.⁹

Engar upplýsingar um ætlaðar framkvæmdir á svæðinu lágu fyrir, aðrar en að þar eigi að vera tjaldstæði. Litlar líkur verða að teljast til að fornleifar geti orðið fyrir skemmdum vegna framkvæmdanna. Hinsvegar ber að ítreka að þó svo engar minjar hafi fundist við skráninguna kunni þær að leynast neðanjarðar. Komi áður ókunnar minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem fer með stjórnsýslu minjaverndar á Íslandi.

⁷ Smári Geirsson, 2009, 15.

⁸ Heimasíða Þóðskjalasafnsins <http://testbirting.manntal.is/Default.aspx>

⁹ Heimasíðar Alþingis <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Harpa Grímsdóttir (1998). *Byggingarár húsa í Neskaupstað*. Veðurstofa Íslands.

Smári Geirsson (2009). *Norðfjarðarsaga 1*. Bókaútgáfan Hólar.

Smári Geirsson (2009). *Norðfjarðarsaga 2*. Bókaútgáfan Hólar.

Netsíður:

Landmælingar Íslands. Skoðað 26.04.2024.

www.lmi.is

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Minjastofnun Íslands, heimasíða

<https://www.minjastofnun.is/>

Skipulagsvefsjá Fjarðabyggðar

<https://map.is/fjardabyggd/>

Þjóðskjalasafn Íslands, heimasíða

<http://testbirting.manntal.is/Default.aspx>